



Kolviðarhóslína 1
Endurnýjun 220 KV háspennulínu

Lýsing mannvirkja
vegna útgáfu framkvæmdaleyfis

Apríl 2023



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Forsendur framkvæmdar	6
2	FORSENDUR FRAMKVÆMDALEYFIS	8
2.1	Fyrirspurn um matskyldu	8
2.1.1	Þróun verkefnis og samráðsferli	9
2.2	Kerfisáætlun	10
2.3	Aðalskipulag	10
2.4	Deiliskipulag	11
2.5	Framkvæmdaleyfi	11
2.6	Aðrir leyfisveitendur	11
3	ALMENN LÝSING FYRIRHUGAÐRAR FRAMKVÆMDAR	12
3.1	Staðhættir	12
3.2	Lýsing á mannvirkjum	12
3.3	Möstur og mastragerðir	13
3.4	Undirstöður	15
3.5	Leiðari, jarðvír og stagvír	16
3.6	Stagfestur	16
3.7	Slóðagerð og vinnuplön	16
3.8	Efnistaka	17
3.9	Frágangur í verklok	17
4	ÖRYGGIS-, HEILBRIGÐIS- OG UMHVERFISÁÆTLUN	17
4.1	Almennt	17
4.2	Stefna Landsnets	18
4.2.1	Umhverfisstefna vegna framkvæmdaverka	19
4.2.2	Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismarkmið verksins	19
4.3	Umhverfisáætlun Landsnets	19
4.4	Vöktunaráætlun	19
4.5	Mótvægisaðgerðir	19
5	FYLGIGÖGN	21

1 INNGANGUR

Eftirfarandi er greinargerð með framkvæmdaleyfisumsókn Landsnets vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar Kolviðarhóslínu 1, í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 veita sveitarfélög framkvæmdaleyfi fyrir allar meiriháttar framkvæmdir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásjón þess og ekki eru byggingarleyfisskyldar.

Kolviðarhóslína 1 (áður Búrfellslína 2) var tekin í notkun 1972 og var flutningsgeta hennar 304 MVA. Þegar tengivirki Landsnets við Kolviðarhól var tekið í notkun árið 2006, fékk hluti Búrfellslínu 2 á milli Kolviðarhóls og Geitháls nafnið Kolviðarhóslína 1. Árið 2012 var flutningsgeta línunnar aukin úr 304 í 380 MVA með tiltölulega einföldum aðgerðum, en nú er svo komið að endurnýjun Kolviðarhóslínu 1 með sverari leiðurum er talin nauðsynleg til að auka flutningsgetu inn á höfuðborgarsvæðið og Suðurnes.

Kolviðarhóslína 1 hefur um árabil verið einn helsti flöskuháls í 220 kV hluta meginflutningskerfisins á Suðvesturhorninu. Í óskertu kerfi árið 2020 er lestun línunnar á bilinu 340-360 MVA sem er um 90-95% af hitaflutningsmörkum línunnar (380 MVA). Við einfalda truflun í kerfinu, þ.e. ef ein flutningslína fer út, yfirlestast línan um 25%. Mikill flutningur hefur verið um Kolviðarhóslínu 1 undanfarin ár og flutningstöp hafa verið umtalsverð. Flutningstapakostnaður fyrir KH1¹ er áætlað rúmlega 100 MKr/ár miðað við nýlegt verð á flutningstöpum².


Mat á tæringu og auknar kröfur um burð mastra gefa tilefni til þess að rétt sé að endurnýja Kolviðarhóslínu 1. Endurnýjun Kolviðarhóslínu 1 felst í að byggja nýja 220 kV línu í stað eldri línu í sömu línugötu. Endurnýja þarf Kolviðarhóslínu 1 á um 15 km kafla, á milli tengivirkjanna á Kolviðarhóli og Geithálsi. Um er að ræða 220 kV háspennulínu sem Landsnet á og rekur. Endurnýjuð lína mun hafa flutningsgetu að lágmarki 600 MVA og liggja frá Kolviðarhóli í Geitháls með viðkomu í Lyklafelli. Til stendur að skipta út 34 af 45 núverandi möstrum fyrir ný og skipta um 66 undirstöður. Einnig þarf að skipta um leiðara og setja stærri og flutningsmeiri leiðara á línuna. Setja þarf nýjar stagfestur með boruðum fódurboltum í 38 möstur. Skýringarmynd af dæmigerðu mastri má sjá á Mynd 1. Ekki er gert ráð fyrir að taka frá nýtt land undir möstur heldur að nýta núverandi mastursstæði. Yfirlit yfir breytingar og aðgerðir við hvert mastur, sundurliðað eftir sveitarfélögum, má sjá í viðauka A.

Flutningsaukning Kolviðarhóslínu 1 milli Hellisheiðar og Geitháls er á framkvæmdaáætlun Landsnets og er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist 2023 og þeim ljúki fyrir lok árs 2023³.

¹ Heildar flutningstöp í raforkuflutningskerfinu eru um 400 GWst/ári.

² Raforkuverð vegna flutningstapa er 5,923 kr/kWst fyrir fyrsta ársfjórðung 2022.

³ Sjá <https://www.landsnet.is/library?itemid=64c31863-31e9-424e-b3b8-0c729e24da64>



MYND 1 Dæmigert mastur.

1.1 Forsendur framkvæmdar

Kolviðarhólslína 1 var að stærstum hluta byggð árið 1972 og línan því orðin 51 árs. Línan er í dag samsett úr nokkrum ólíkum köflum auk ólíkra mastragerða. Mastragerðirnar eru sýndar á mynd 2 - mynd 7. Næst Kolviðarhóli er endurbyggður tæplega 2 km kafla frá 2006. Á þessum kafla voru sett ný stálgrindarmöstur en eldri stagfestur og undirstöður nýttar áfram, þó með lítilsháttar breytingum á stagbúnaði. Þar á eftir tekur við kafla sem er rúmir 13,6 km og er þar um að ræða gömlu Búrfellslínu 2 frá árinu 1972.

Stærstur hluti línunnar samanstendur af stöguðum burðarmöstrum sem eru af gerð A. Næst Kolviðarhóli er fjórfótungur úr Brennimelslínu 1. Því næst taka við nokkur burðarmöstur af gerð ST sem sett voru upp 2006 og eru með tveimur jarðvírur. Tvö hornmöstur í línunni, (möstur 9 og 38) eru upprunalegir fjórfótungar með mismikinn styrk. Möstrin eru af gerð B og C skv. upprunalegum gögnum um línuna, sjá myndir mynd 4 - mynd 5. Næst Geithálsi taka svo við tvírásamöstur þar sem línan deilir mastri með Sogslínu 3 (SO3, sjá yfirlitskort af nærliggjandi línur á mynd 9). Sá kafla er frá um 1970. Tveir jarðvírur eru á línunni á endurbyggðum kafla næst Kolviðarhóli en síðan einn jarðvír að Geithálsi. Frá Lyklafelli að Geithálsi er ljósleiðari spunninn utan um gamla jarðvírinn.



MYND 2 ST-mastur nærri Kolviðarhóli.



MYND 3 A-mastur með einum jarðvír.



MYND 4 Mastur 9 – gerð B.



MYND 5 Mastur 38 – gerð C.



MYND 6 Mastur 40, afsp. greinim.



MYND 7 Mastur 41 – gerð D1S.

Línan er farin að sýna merki öldrunar og tæring er komin af stað á yfirborði mastra. Tæringu má að miklu leyti rekja til útblásturs Hellisheiðarvirkjunar. Ástand þeirra mastra sem staðsett eru utan við áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar er mun betra og mjög lítið farið að bera á yfirborðstæringu.

Tæringarmælingar á Kolviðarhólslínu 1 hafa verið gerðar í þrígang á þessari öld, árin 2002, 2009 og 2013. Árið 2013 var niðurstaðan varðandi sinkhúð og tæringu eftirfarandi:

„Frá Kolviðarhóli að Reykjavík er ástand nokkuð skár en á Hellisheiði en lakari en austan megin við Hellisheiðina. Ryðmyndun er víða sjáanleg en minna um samfellda ryðflekki samanborið við Hellisheiði. Samkvæmt matskerfi Landsnets eru möstur á svæðinu með einkunn 50-70 sem þýðir að ástandið er frá því að vera í lagi til gott. Ástand mastra skánar efir því sem nær dregur Reykjavík“.

Tæringarástand mastra er metið sjónrænt samkvæmt eftirfarandi skala: 100 – nýtt, 90 – frábært, 80 – mjög gott, 70 – gott, 60 – ágætt, 50 – sæmilegt, 40 – í lagi, 30 – slæmt, 20 – mjög slæmt, 0-10 – fallið.

Á mynd 8 má sjá ryðmyndun í mastri í Kolviðarhólslínu 1.



MYND 8 Myndin er frá árinu 2019 og sýnir ryðmyndun í mastri 9 í Kolviðarhólslínu 1 (áður mastur 227 í Búrfellslínu 2) sem stendur 3,5 km vestan tengivirkisins við Kolviðarhól. Þetta er eitt af þeim möstrum sem verður endurnýjað.

Samanborið við önnur stöguð 220 kV möstur í kerfi Landsnets eru möstur í Kolviðarhólslínu 1 talin fremur veikbyggð og þá sérstaklega með tilliti til krafna í stöðlum á síðari árum.

Gerð var burðarþolsathugun á möstrum línunnar og komist að þeirri niðurstöðu að möstrin væru fremur veik og þyldu ekki viðbótar álag frá nýjum jarðvír. Í framhaldinu var ákveðið að betra væri að skipta um möstrin fremur en að fara í styrkingu á þeim og þá endurnýjuð fimm möstur næst Kolviðarhóli. Það er því búið að endurbyggja Kolviðarhólslínu 1 á tæplega 2 km löngum kafla næst Kolviðarhóli. Möstrin sem reist voru í stað þeirra eldri eru mun sterkari og þola sverari leiðara eins og nú er fyrirhugað að nota við endurnýjun línunnar.

2 FORSENDUR FRAMKVÆMDALEYFIS

2.1 Fyrirspurn um matskyldu

Þann 25. febrúar 2021 sendi Landsnet fyrirspurn um matsskyldu vegna endurnýjunar Kolviðarhólslínu 1 (220 kV), til Skipulagsstofnunar, en framkvæmdin var tilkynningarskyld samkvæmt þáverandi lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Í tilkynningunni var greint frá ástandi áhrifasvæðis framkvæmdanna, framkvæmdalýsingu og mati á umhverfisáhrifum þeirra að teknu tilliti til mótvægisáðgerða. Alls var gert ráð fyrir að skipta út 34 möstrum á línuleiðinni og setja þar ný stálgrindarmöstur á sömu undirstöður, ásamt því að setja sverari leiðara með meiri flutningsgetu.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veitna. Alls bárust 10 umsagnir um fyrirspurnina frá umsagnaraðilum. Þær umsagnir sem kröfðust viðbragða Landsnets voru frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER), Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis (HEK), og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK). Í öllum tilfellum var óskað frekari upplýsinga um sinkhúð nýju mastranna og mögulega veðrun þeirra og áhrif á vatnsgæði, þar sem Kolviðarhólslína 1 liggur að hluta innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar lá fyrir 14. maí 2021 og var það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

2.1.1 Próun verkefnis og samráðsferli

Eftir að ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu lá fyrir var unnið að frekari undirbúningi framkvæmdarinnar, sem leitt hafa af sér nokkrar breytingar frá upphaflegri útfærslu.

Vegna breytinganna hélt Landsnet samráðsfund þann 9. febrúar 2022 með Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (GHKMS) og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Tilgangur fundarins var að kynna fyrir heilbrigðiseftirlitunum fyrirhugaðar framkvæmdir Landsnets innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins. Þá var farið yfir ástandsmat á undirstöðum og fyrirhugað viðhald á undirstöðum.

Farið var yfir helstu niðurstöður Landsnets um breytingar á Kolviðarhólslínu 1 frá þeirri framkvæmdalýsingu sem birt var í fyrirspurn um matsskyldu:

- **Mastragerð:** Upphaflega var gert ráð fyrir að notast við grindarmöstur við endurnýjun línunnar. Landsnet áformar nú að nota stálröramöstur í stað grindarmastra. Með stálröramöstrum má búast við minni sinkveðrun en með grindarmöstrum þar sem yfirborðsflatarmál stálröramastra er um 20% minna en flatarmál grindarmastra, auk þess sem ásýndaráhrif vegna framkvæmdarinnar munu breytast.
- **Sinkveðrun og áhættumat:** Í kjölfar fyrirspurnar um matsskyldu Kolviðarhólslínu 1 kölluðu heilbrigðiseftirlit eftir því að hætta á sinkveðrun mastra og möguleg áhrif á neysluvatn yrðu metin þar sem línan liggur um vatnsverndarsvæði. Með röramöstrum í stað grindarmastra má búast við minni sinkveðrun en áhætta vegna sinkveðrunar gagnvart vatnsvernd var metin í sérstöku áhættumati vegna framkvæmdarinnar. Þar verður greint frá mögulegum áhrifum sinkveðunar á vatnsvernd og gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum.

- Styrking slóða: Í fyrirspurn um matsskyldu Kolviðarhóslínu 1 var ekki gert ráð fyrir styrkingu vegslóða vegna framkvæmdarinnar. Landsnet áætla að þörf sé á styrkingu vegslóða, alls 2430 m, en nú þegar eru slóðir á svæðinu og rask því óverulegt. Auk þess mun styrking vegslóða minnka líkur á mengunarslysum og mun auðvelda viðhald línunnar í framtíðinni.

Þann 5. apríl 2022 sendi Landsnet upplýsingar um mögulegar breytingar á framkvæmdinni og óskaði eftir staðfestingu Skipulagsstofnunar á að breytingarnar væru innan marka þeirrar framkvæmdar sem lýst var í matsskyldufyrirspurninni. Svar barst frá Skipulagsstofnun þann 8. apríl 2022 um að fyrirhugaðar breytingar væru þess eðlis að áhrif þeirra yrðu ekki önnur eða meiri en gert var ráð fyrir í fyrirnefndri ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu og að fyrirhugaðar útfærslubreytingar á Kolviðarhóslínu 1 krefjist ekki málsmeðferðar skv. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sjá viðauka B.

Landsnet sendi Skipulagsstofnun enn frekari upplýsingar um framkvæmdina og mögulegar breytingar þann 1. nóvember 2022 og óskaði eftir afstöðu stofnunarinnar. Upphaflega var gert ráð fyrir viðgerðum á undirstöðum Kolviðarhóslínu 1. Við nánari athugun var það mat Landsnets að skipta þurfi um 40 undirstöður í stað þess að fara út í viðgerðir á þeim, þar sem ástand var metið slæmt. Þessi breyting kemur ekki til með að valda auknu raski þar sem nýjum forsteyptum undirstöðum verður komið fyrir í sömu holu og gömlu undirstöðurnar. Svar Skipulagsstofnunar barst 21. nóvember 2022 og var það mat stofnunarinnar að breytingarnar rúmist innan marka matsskyldufyrirspurnarinnar, sjá viðauka C.

Þann 9. febrúar 2023 hélt Landsnet og EFLA samráðsfund með Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um fyrirhugaðar framkvæmdir vegna viðhalds Kolviðarhóslínu 1. Á fundinum kynnti EFLA framkvæmdina og áhættumat vatnsverndar auk þess sem Landsnet fór yfir niðurstöður skýrslu Mannvits sem unnin var að beiðni Landsnets um zink í umhverfi Hamraneslína. Einnig var farið yfir helstu leyfismál og tilkynnt að unnið væri að framkvæmdaleyfi til sveitarfélaga, starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits og að sótt verði um afnotaleyfi hjá Reykjavíkurborg.

2.2 Kerfisáætlun

Í Kerfisáætlun 2021 – 2030 er gerð grein fyrir framkvæmdinni. Settir eru fram þrír valkostir og er „220 kV loftlína byggð í stað eldri línu í sömu línugötu“ tilgreindur sem aðalvalkostur. Flutningsaukning Kolviðarhóslínu 1 frá Hellisheiði að Geithálsi er komin á framkvæmdaáætlun Landsnets og gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist árið 2024 og að þeim ljúki árið 2025.

2.3 Aðalskipulag

Framkvæmdir vegna Kolviðarhóslínu 1 ná til þriggja sveitarfélaga; Mosfellsbæjar, Kópavogs og Sveitarfélagsins Ölfuss. Kolviðarhóslína 1 er á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, Aðalskipulagi Mosfellsbæjar

2011-2030, Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og Aðalskipulagi Ölfus 2020-2036. Á skipulagsupprætti sveitarfélaganna er gert ráð fyrir línunni.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er gert ráð fyrir þeim möguleika að hækka spennu Kolviðarhólslínu 1 í 220 kV. Fyrirhuguð framkvæmd samræmist stefnumörkun skipulagsins.

2.4 Deiliskipulag

Kolviðarhólslína 1 fer um tvö deiliskipulögð svæði á leið sinni milli Kolviðarhóls og Geitháls. Austast fer línán um deiliskipulag virkjunarsvæðis Orkuveitu Reykjavíkur á Hellsheiði en ekki þarf að skipta um nein möstur á þeim kafla, framkvæmdasvæðið er því alfarið utan deiliskipulagða svæðisins.

Um miðja línuleið fer Kolviðarhólslína 1 í gegn um deiliskipulagt svæði nýs tengivirkis á Sandskeiði. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir Kolviðarhólslínu 1 og að hún verði tengd inn í tengivirkið.

2.5 Framkvæmdaleyfi

Landsnet þarf framkvæmdaleyfi sveitarfélaganna sem línán fer í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Í tilfelli þessarar framkvæmdar eru það Kópavogsbær, Mosfellsbær og Ölfus.

2.6 Aðrir leyfisveitendur


Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum innan sveitarfélagsmarka Kópavogs:

- Orkustofnun samþykkir kerfisáætlun Landsnets, sbr. 9. gr. a í raforkulögum nr. 65/2003 og reglugerð nr. 870/2016 um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku. Í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar er fjallað um fjárfestingar sem þarf að ráðast í á næstu þremur árum og tímaáætlun þeirra en samkvæmt 2. mgr. 9. gr. raforkulaga ber að tilkynna Orkustofnun um ný flutningsvirki áður en þau eru tekin í notkun og skal Orkustofnun hafa eftirlit með að slík framkvæmd sé í samræmi við framkvæmdaáætlun flutningsfyrirtækisins. Kolviðarhólslína 1 er á framkvæmdaáætlun í Kerfisáætlun 2022-2024.
- Heilbrigðiseftirlit: Heilbrigðiseftirlit úthlutar starfsleyfum vegna nokkurra þátta framkvæmdarinnar, svo sem vinnubúða, efnistökuþátta o.fl. í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.
- Unnið er að leyfi fyrir afnotum af borgarlandi hjá Reykjavík samkvæmt lögreglusamþykkt þar um.

3 ALMENN LÝSING FYRIRHUGAÐRAR FRAMKVÆMDAR

3.1 Staðhættir

Kolviðarhólslína 1 liggur á milli tengivirkisins við Kolviðarhól og tengivirkisins við Geitháls (mynd 9). Línuleið Kolviðarhólslínu 1 frá Kolviðarhóli að Geithálsi liggur samsíða Sogslínu 2 og Búrfellslínu 3 að Lyklafelli og fyrirhuguðu tengivirki þar. Þar beygir Búrfellslína 3 til suðvesturs á meðan Kolviðarhólslína 1 og Sogslína 2 halda áfram í tengivirkið á Geithálsi. Línan liggur samsíða Suðurlandsvegi í 1-2 km fjarlægð frá veginum. Upphaflega var línan hluti af Búrfellslínu 2, reist var árið 1972, en síðan klofin frá þegar tengivirki var reist við Kolviðarhól. Samsíða línunni á kaflanum frá Kolviðarhóli að Lyklafelli liggur Búrfellslína 3 og frá Svínahrauni að Geithálsi er Kolviðarhólslína 1 samsíða Sogslínu 2. Góð vegslóð liggur meðfram línunni á langstærstum hluta leiðarinnar. Jafnframt liggur hitaveitulögn Veitna (neðanjarðar) samsíða línunni og tilheyrandi vegur ofan á henni. Á leið sinni fer línan um hraun, mela og mólendi. Nálægt Kolviðarhóli eru tvö svæði á náttúru-minjaskrá, Hengilssvæðið (nr. 752) og Eldborgir við Lambafell (nr. 753). Línuleiðin er að stórum hluta innan vatnsverndarsvæða.



MYND 9 Yfirlitskort af Kolviðarhólslínu 1 ásamt öðrum línunum á svæðinu.

3.2 Lýsing á mannvirkjum

Kolviðarhólslína 1 er ríflega 17 km löng og liggur á milli tengivirkis við Kolviðarhól og tengivirkis að Geithálsi. Um er að ræða vel afmarkað mannvirkjabelti þar sem eru háspennulínur, heitavatnslögn og línuvegir. Helgunarsvæði línunnar þar sem hún liggur á milli áðurnefnda lína skarast á við helgunarsvæði þeirra og er því fremur þröngt. Heildarlengd þess línuhluta sem þarf að endurnýja möstur á er 13 km, en

heildarlengd allrar leiðarinnar (með möstrunum næst Kolviðarhóli og Geithálsi) og þar með leiðaranna sem skipt verður út eru 17 km. Tafla 1 sýnir helstu stærðir og magntölur Kolviðarhólslínu 1, en nánara yfirlit yfir aðgerðir við hvert mastur, sundurliðað eftir sveitarfélögum, má sjá í viðauka A.

TAFLA 1 Helstu stærðir og magntölur Kolviðarhólslínu 1.

HELSTU STÆRÐIR OG MAGNTÖLUR	MAGN
Línulengd	17 km
Endurbyggt við Kolviðarhól	2 km
Tvírása kafli við Geitháls	1,5 km
Heildarfjöldi mastra	45 stk. þar af eru 40 upprunaleg möstur
- Burðarmöstur	39 stk. þar af eru 35 upprunaleg möstur
- Þar af tvírása burðarmöstur	3 stk. (upprunaleg)
- Strekkmöstur	6 stk. þar af eru 5 upprunaleg möstur
- Þar af tvírása strekkmöstur	3 stk. (upprunaleg)
Leiðari	AAAC-28,14 (470-AL3)
Jarðvír vinstri – alla leið	AAAC-28,14 (470-AL3) ⁴
Jarðvír hægri – næst tengivirki við Kolviðarhól	17,5 stál

3.3 Möstur og mastragerðir

Nýju möstrin fimm næst Kolviðarhóli og tvírásamöstrin sex við Geitháls munu standa áfram, alls verða því 34 möstur endurnýjuð af 45 möstrum á línuleiðinni. Við endurnýjun línunnar verða gömlu stálgrindarmöstrin tekin niður og ný stálröramöstur sett á nýjar undirstöður (sjá mun á stálgrindar- og stálröramöstrum á mynd 10). Ekki er þörf á neinum aðgerðum vegna undirstaðna þeirra mastra sem verða áfram í notkun, þ.e. mastra 1-5 (næst Kolviðarhól) og 40-45 (tvírása kafli við Geitháls). Að vísu er gert ráð fyrir að styrkja þurfi tvírása möstrin næst Geithálsi en settur verður upp nýr stærri leiðari á línuna sem eykur álag á þau möstur. Í tafla 2 má sjá breytingar á möstrum og í viðauka A má sjá ítarlegra yfirlit yfir breytingar fyrir hvert mastur á línuleiðinni.

⁴ Frá Lyklafelli (Sandskeiði) er ljósleiðari spunnin utan um gamla jarðvírinn.

TAFLA 2 Breytingar á möstrum.

LÍNUKAFLI	BREYTING Á MASTRAGERÐ	SVEITARFÉLAG
1-5	Engin	Ölfus
6-17	Ný möstur	Ölfus
18-22	Ný möstur	Kópavogsbær
23-39	Ný möstur	Mosfellsbær
40	Engin	Mosfellsbær
41-45	Engin	Reykjavík

Við skoðun á því hvernig lágmarka mætti sinkmagn á möstrum kom í ljós að sá yfirborðsflötur sem verður fyrir tæringaráraun, sem er með mesta móti á þessu svæði, er u.þ.b. 20% minni á stálröramöstrum en grindarmöstrum. Að auki er helmingur þess flatarmáls í holrúmi röranna og berst því síður út í umhverfið. Nýju möstrin verða því M-stálröramöstur, sjá mynd 10. Af þessum 34 möstrum verða 31 stagað stálröra burðarmastur og 1 stagað hornmastur með þremur súlum úr stálörum.

Á mynd 10 má sjá muninn á útliti stálröra- og grindarmastra.



MYND 10 Munur á útliti stálröra- og grindarmastra. Stagað stálröramastur vinstra megin og stálgrindarmastur til hægri.

Möstur eru yfirleitt skrúfuð saman við masturstæði. Einangrarakeðjur og hjól fyrir útdrátt leiðara og jarðvírs (þar sem það á við) eru hengd í möstrin og þau síðan reist í heild sinni með krana. Loks þarf að strengja stögin og stilla möstrin af.

Því næst er grannur stálvír (forvír) þræddur í gegnum útdráttarhjól í hverju mastri á viðkomandi strengingarkafli. Hann er síðan tengdur við þann vír (leiðara eða jarðvír) sem strengja á og spilaður til baka inn á kefli. Bremsuvél á hinum enda vírsins tryggir að eðlilegt álag sé á vírum og kemur í veg fyrir að þeir dragist eftir yfirborði lands. Þegar búið er að strengja alla víra á viðkomandi kafla, eru þeir teknir úr hjólum og festir í tengipunkta í möstrum.

Á mynd 11 má sjá fyrir og eftir ljósmyndir af dæmigerðu mastri Kolviðarhólslínu 1 þar sem endurnýja þarf slóða frá núverandi vegi sem liggur meðfram línunni. Á efri mynd sést núverandi mastur;

stálgrindarmastur með jarðvír. Neðri mynd sýnir stálröramastur, líkt og fyrirhugað er að nota í stað núverandi stálgrindarmastra og vegslóða eftir styrkingu.



MYND 11 Dæmigert mastur Kolviðarhólslínu 1, og aðstæður þar sem endurnýja þarf vegslóða frá veginum sem liggur meðfram línunni. Efri mynd sýnir núverandi stálgrindarmastur og óstyrkta vegslóða. Neðri mynd sýnir endurnýjað stálröramastur ásamt styrkingu vegslóða út frá núverandi vegi.

3.4 Undirstöður

Í ástandsskoðun haustið 2021 var ástand undirstaðna metið. Það er mat Landsnets að skipta þurfi 66 undirstöðum burðarmastra sem metnar voru í mjög slæmu eða sæmilegu ástandi. Gamlar undirstöður verða teknar upp og þeim fargað og nýjar forsteyptar undirstöður settar í stað þeirra.

Ferlið við útskipti undirstaða er eftirfarandi:

1. Grafið frá undirstöðu eftir að búið er að taka niður eldra mastur
2. Undirstaða hífð upp og flutt til förgunar

3. Grafið upp úr holu og undirlag jafnað í holubotni
4. Ný undirstaða hífið ofan í holu og komið fyrir í réttum hnitum
5. Fyllt að undirstöðu með uppgrafinni fyllingu en mögulega þarf smávægilega viðbót
6. Nýtt mastur reist á nýjar undirstöður

Það er mat Landsnets að þar sem nýjar undirstöður verða staðsettar á sama stað og þær eldri að ekki hljótist rask af nema innan mastursstæðis í kringum holuna. Í viðauka A má sjá hvar er þörf á nýjum undirstöðum.

3.5 Leiðari, jarðvír og stagvír

Á línunni er álblönduleiðari (AAAC, 470-AL3). Einn leiðari er í hverjum fasa og á línunni eru tveir jarðvírar næst tengivirkinu við Kolviðarhól. Setja þarf leiðara sem er 44 mm í þvermál í stað 28 mm. Nýr leiðari verður settur milli allra mastra. Milli mastra nr. 1-40 verður settur leiðari 1144-AL7 og milli mastra nr. 40-45 leiðari 774-AL3.

Tveir jarðvírar verða settir (183-ST4A) milli mastra nr. 6-39. Milli annarra mastra er ekki þörf á nýjum jarðvírurum.

Nýr stagvír verður úr stáli, 21 mm í þvermál fyrir ný burðarmöstur en 22 mm fyrir stagað hornmastur nr. 9.

3.6 Stagfestur

Lagt er til að setja nýjar stagfestur í 38 möstur. Um er að ræða bergbolta sem eru boraðir niður með borvagni. Enginn gröftur eða jarðefnaflutningur fylgir þessum framkvæmdaþætti og rask því lágmarkað. Borvagn nýtir aðkomuslóðir og athafnar sig innan mastursstæðis.

Skipt verður um stög og stagbúnað í nýjum möstrum. Notast verður við sambærilega lausn og Landsnet hefur nýtt í nýlegum verkum.

3.7 Slóðagerð og vinnuþlön

Meðfram línunni liggur samfelld vegslóð á langstærstum hluta leiðarinnar. Heilt yfir er ástandið mjög gott á megin slóðinni sem liggur samsíða línunni og lítil þörf á ráðstöfunum frá Kolviðarhóli að Lyklafelli. Aðgengi er heldur lakara þegar nær dregur Geithálsi, en þar er slóðin sundurslitin og á köflum ekki eins burðarmikil. Þar tekur við burðarminni vegslóð sem þarf að lagfæra áður en framkvæmdir hefjast. Slóðin á þeim kafla er ekki samfelld, heldur er um að ræða, í flestum tilfellum, hliðarslóðir að einstökum möstrum. Enn fremur er slóðin í einhverjum tilvikum orðin þakin gróðri og því lítt sýnileg. Gert er ráð fyrir að kranabíll geti athafnað sig við niðurtekt og reisingu mastra. Einnig þarf að huga að aðstöðu fyrir strengingarvél og körfutæki.

Við nánari athugun er það mat Landsnets að öruggara sé að framkvæma úrbætur á vegslóðum áður en framkvæmdir hefjast. Það er gert til að tryggja að ekki skapist aðstæður sem ýtt geta undir slys og þar með aukið líkur á mengunarslysi. Þrátt fyrir að öll mastraplön, slóðir og aðkomuvegir séu til staðar er viðhald þeirra nauðsynlegt áður en framkvæmd hefst til að tryggja að ekki verði landspjöll né heldur að það skapist aðstæður sem ýtt geta undir slys á meðan framkvæmdir standa yfir. Það er mjög mikilvægt að mastraplön séu örugg og að aðgengi að möstrum sé viðundandi og þoli þá umferð sem verður á framkvæmdatímanum. Á samráðsfundi með heilbrigðiseftirlitum þann 9. febrúar 2022 var styrking vegslóða til að draga úr líkum á mengunaróhöppum litið mjög jákvæðum augum.

Öryggi framkvæmdar eykst því með styrkingu aðkomuvegar og vegslóða að mastraplönnum, alls um 2,4 km, þar af 1 km innan vatnsverndarsvæða. Lágmarks viðhald eldri vegslóða verður um 2 km og töluverð styrking vegslóða um 3 km. Slóðarnir verða 4 m á breidd og 30-50 cm þykkir.

Þar sem jarðvegur hefur ekki næga burðargetu er þörf á vinnuplani við hvert mastur sem nýtist við reisingu masturs og strengingu leiðara. Þessi vinnuplön eru nú þegar til staðar og verða þau notuð við reisingu mastranna. Ekki er reiknað með að stækka núverandi mastraplön en mögulega þarf að lagfæra einhver þeirra og bæta í þau yfirborðsefni, sem fengið er úr námu í nágrenninu með tilskilin leyfi.

3.8 Efnistaka

Gert er ráð fyrir að efnistaka verði úr námum við Lambafelli. Gert er ráð fyrir 20.000 m³ af efni fyrir slóða og plön og 870 m³ fyrir af efni fyrir undirstöður.

3.9 Frágangur í verklok

Framkvæmdin er svo til öll á þegar röskuðu landi. Öll mastraplön, slóðir og aðkomuvegir eru jafnframt nú þegar til staðar en þarfnast viðhalds, eins og lýst hefur verið hér að ofan.

Gert er ráð fyrir að frágangur svæðisins verði með þeim hætti að svæðið taki á sig mynd aðliggjandi svæða. Leitast við jafna ójöfnur með efni af staðnum og staðargróður látinn um að græða sárin, ef einhver verða.

4 ÖRYGGIS-, HEILBRIGÐIS- OG UMHVERFISÁÆTLUN

4.1 Almennt

Landsnet leggur mikla áherslu á öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál, hvort sem er við undirbúning framkvæmda, framkvæmdir eða rekstur mannvirkja. Kröfum fyrirtækisins til þessara þátta er fylgt fast eftir við framkvæmd verkefna á þess vegum. Fjallað verður um þessar kröfur í útboðsgögnum. Meðal þess sem þar kemur fram er eftirfarandi:

- Öllum aðilum sem verkkaupi ræður til verksins ber að vinna eftir þeim lögum, reglum og gildandi stöðlum sem við eiga, og í samræmi við reglur og stefnu Landsnets um öryggi, heilbrigði og umhverfi, lög nr. 46/1980 og reglugerð nr. 920/1980.
- Við tímabundna mannvirkjagerð gilda reglur nr. 547/1996, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð sem eru hluti af reglum sem falla undir vinnuverndarlöggjöfina og er lýst í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Reglurnar kveða á um að verkkaupa beri að sjá til þess að öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisáætlun (ÖHU áætlun) sé gerð áður en framkvæmdasvæði er skipulagt. Þessi áætlun er hluti af útboðsgögnum verksins. Áætlunin lýsir kröfum til aðila sem koma að verkinu á framkvæmdastigi.
- Allir verktakar og undirverktakar skulu útbúa sína eigin ÖHU áætlun fyrir verkið og skal hún borin undir verkkaupa til samþykkis fyrir upphaf vinnu. Við gerð ÖHU áætlunar sinnar skal verktaki taka mið af ÖHU áætlun Landsnets og uppfylla að minnsta kosti allar kröfur sem settar eru fram í henni. Einnig skal hann uppfylla allar kröfur sem settar eru fram í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerðum og reglum þeim tengdum, svo og öðrum lögum, reglugerðum og reglum sem eiga við framkvæmd verksins. Sérstaklega er vísað til reglna nr. 547/1996, reglugerðar nr. 920/2006, um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og í fræðslu- og leiðbeiningarit nr. 17 frá Vinnueftirlitinu og eiga við framkvæmd verksins.

4.2 Stefna Landsnets

Landsnet leggur áherslu á heilsuvernd, persónu- og rekstraröryggi og er umhugað um fólki og samfélagið. Landsnet skapar góðan slysalausan vinnustað þar sem öllum líður vel og leggur sitt að mörkum til að koma í veg fyrir slys, dauðsföll og veikindi. Landsnet ber ábyrgð á eigin öryggi og skilur þær öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfisáhættur sem fylgja starfseminni. Landsnet beitir þekktum aðferðum til að koma auga á, meta og stjórna áhættum og ef verkið er ekki öruggt er fundin örugga leið.

ÁHERSLUR

- Að skapa slysalausan vinnustað
- Að áhættumeta alla þætti starfseminnar
- Að ábyrgð stjórnenda sé skýr og starfsmenn viti að öryggi þeirra hefur ávallt forgang
- Að aðbúnaður á öllum vinnustöðum miði að því að tryggja öryggi og viðhalda góðri heilsu og vellíðan
- Að starfsmönnum sé tryggð nauðsynleg þjálfun í öryggismálum og vinnuvernd
- Að unnið sé að stöðugum umbótum í öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmálum
- Öll atvik sem snerta öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmál eru tilkynnt og unnið úr þeim í forvarnarskyni.
- Landsnet er með og vinnur í samræmi við vottað öryggisstjórnunarkerfi ISO 45001
- Öryggisstjórnunarkerfið ásamt öryggis-, heilsu- og vinnuverndarstefnunni eru rýnd árlega. Starfsmenn og aðrir hagsmunaaðilar eru upplýstir um niðurstöður og áhersluatriði

- Öryggisnefnd sinnir öryggismálum og mótar stefnu í málaflokknum
- Neyðarstjórn stýrir viðbrögðum við stærri vá. Áætlanir um viðbrögð við vá eru tiltækar og æfðar kerfisbundið.

4.2.1 Umhverfisstefna vegna framkvæmdaverka

- Að halda umhverfisstærð á byggingartíma í lágmarki.
- Að frágangur í verklok verði til fyrirmyndar.

4.2.2 Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismarkmið verksins

Markmið framkvæmdarinnar hvað varðar öryggi, heilbrigði og umhverfi eru eftirfarandi:

- Engin vinnuslys verði á verktíma.
- Umhverfi starfsmanna sé heilsusamlegt.
- Starfsmenn noti ávallt tilskilinn öryggis- og hlífðarbúnað.
- Framkvæmdar séu áhættugreiningar fyrir alla verkþætti.
- Ekkert umhverfisslys verði á verktíma, þar með talið engin óstýrð losun óæskilegra efna.
- Ekkert rask verði fyrir utan þau svæði sem skilgreind eru sem framkvæmdasvæði.

4.3 Umhverfisáætlun Landsnets

Kröfur Landsnets til umhverfismála er að finna í Umhverfisáætlun Landsnets, sem birt verður í útboðsgögnum verksins.

4.4 Vöktunaráætlun

Í útboðsgögnum verður gerð ítarleg umhverfis-, öryggis- og heilbrigðisáætlun þar sem tekið verður á þáttum sem lúta að mengunarhættu, öryggi og umgengni á framkvæmdatíma. Einnig mun Landsnet fara í reglulegar skoðunar- og eftirlitsferðir með eftirlitsmönnum verkkaupa og sveitarfélaga, fulltrúum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlita. Landsnet mun vinna umhverfisúttekt í lok verks í samráði við þessa aðila.

Ekki er talin sérstök þörf á vöktun sinks á vatnsverndarsvæði. Í áhættumati var sinkmengun ekki tekin sérstaklega fyrir þar sem í rannsókn á gróðurskemmdum við háspennumöstur vegna sinkmengunar voru metnar litlar líkur á að tæring sinkhúðar geti valdið grunnvatnsmengun⁵. Í útboðsgögnum má finna kröfur til verktaka vegna vinnu á vatnsverndarsvæðum.

4.5 Mótvægisáðgerðir

Í stað þess að byggja ný möstur frá grunni við endurnýjun línunnar verða undirstöður eldri mastra notaðar áfram. Á þann hátt verður allt rask mun minna en annars hefði verið. Ekki er þörf á greftri við möstur og

⁵ EFLA, „Frumrannsóknir á gróðurskemmdum við háspennumöstur á Suðvesturlandi,“ Landsnet, 2007.

allar slóðir og mastraplön eru nú þegar til staðar. Rask á óröskuðu landi verður því í algjöru lágmarki ef nokkurt.

Með því að endurnýja línuna í stað þess að leggja nýja verða breytingar á ásýnd lágmarkaðar, þar sem Kolviðarhólslína 1 og Búrfellslína 3 eru staursettar í takt, þ.e. möstrin þeirra standa hlið við hlið og falla saman þegar horft er frá Suðurlandsvegi.

Með því að nota stálröramöstur í stað stálgrindamöstur, eins og var gert ráð fyrir í upphafi, er hægt að koma í veg fyrir frekari sinkveðrun með því að draga úr yfirborðsflatarmáli mastra. Í áhættumati er gerð grein fyrir mögulegri sinkveðrun frá nýjum möstrum.

5 FYLGIGÖGN

Yfirlitskort og teikningar

- Yfirlitskort af framkvæmdasvæðinu
- Teikningar og ljósmyndir af möstrum

Umhverfismat

- Matsskyldufyrirspurn
- Álit Skipulagsstofnunar
- Erindi til Skipulagsstofnunar um breytingar á framkvæmdinni, mars 2022 og nóvember 2022

Önnur gögn

- Áhættumat vegna vatnsverndar
- Rannsókn á sinkmengun umhverfis möstur
- ÖHV og Umhverfiskröfur

VIÐAUKI A

Mastur númer	Leiðari	Jarðvír(ar)	Aðgerð möstur	Nýtt mastur	Aðgerð undirstöður	Aðgerð stagfestur	Sveitarfélag	Athugasemd
KOL	Nýr	Óbreytt					Ölfus	Tengivirki Kolviðahóli (KOL)
1	Nýr	Óbreytt	Óbreytt	Nei	Engar		Ölfus	Áður endurbyggður kafli
2	Nýr	Óbreytt	Óbreytt	Nei	Engar	Nýjar	Ölfus	Áður endurbyggður kafli
3	Nýr	Óbreytt	Óbreytt	Nei	Engar	Nýjar	Ölfus	Áður endurbyggður kafli
4	Nýr	Óbreytt	Óbreytt	Nei	Engar	Nýjar	Ölfus	Áður endurbyggður kafli
5	Nýr	Óbreytt	Óbreytt	Nei	Engar	Nýjar	Ölfus	Áður endurbyggður kafli
6	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Ölfus	
7	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Ölfus	
8	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Ölfus	
9	Nýr	2 nýir	Nýtt, SMHJ	Já	Nýjar	Nýjar	Ölfus	Horn í Svínahrauni
10	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Ölfus	
11	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Ölfus	
12	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Ölfus	
13	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Ölfus	
14	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Ölfus	
15	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Ölfus	
16	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Ölfus	
17	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Ölfus	
18	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Kópavogsbær	
19	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Kópavogsbær	
20	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Kópavogsbær	
21	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Kópavogsbær	
22	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Kópavogsbær	
23	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	
24	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	
25	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	
26	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	
27	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	
28	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	
29	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	
30	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	
31	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	
32	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	
33	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	
34	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	
35	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	
36	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	
37	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	
38	Nýr	2 nýir	Nýtt, SMHJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	Horn t.h.
39	Nýr	2 nýir	Nýtt, BSJ	Já	Nýjar	Nýjar	Mosfellsbær	Mögulega jarðsvírsendi
40	Nýr	Óbreytt	Styrking	Nei	Engar	-	Mosfellsbær	Mastur 88 í SO3 (239 í BÚ1)
41	Nýr	Óbreytt	Styrking	Nei	Engar	-	Reykjavík	
42	Nýr	Óbreytt	Styrking	Nei	Engar	-	Reykjavík	
43	Nýr	Óbreytt	Styrking	Nei	Engar	-	Reykjavík	
44	Nýr	Óbreytt	Styrking	Nei	Engar	-	Reykjavík	
45	Nýr	Óbreytt	Styrking	Nei	Engar	-	Reykjavík	Endamastur við Geitháls, 263 í BÚ2

VIÐAUKI B

From: Jakob Gunnarsson - SLS <Jakob.Gunnarsson@skipulag.is>

Sent: föstudagur, 8. apríl 2022 14:49

To: Hlín Benediktsdóttir <hlin@landsnet.is>

Subject: Kolviðarhólslína 1

Þann 5. apríl 2022 barst Skipulagsstofnun greinargerð frá Landsneti þar sem gerð er grein fyrir útfærslubreytingum á Kolviðarhólslínu 1 frá því sem gert var ráð fyrir í tilkynningu fyrirtækisins og sem Skipulagsstofnun tók ákvörðun um í maí 2021.

Stofnunin hefur farið yfir erindið og telur að umræddar breytingar séu þess eðlis að áhrif þeirra verði ekki önnur eða meiri en gert var ráð fyrir í fyrirnefndri ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Lagfæring undirstaðna hefur lítið sem ekkert rask í för með sér og að mati Skipulagsstofnunar eru sjónræn áhrif stálröramastra í flestum tilfellum minni en stálgrindamastra auk þess sem stofnunin getur tekið undir að búast megi við minni sinkveðrun vegna umfangsminna yfirborðs. Varðandi styrkingu fyrirliggjandi slóða þá er slík framkvæmd ekki þessi eðlis að hún kalli á málsmeðferð skv. lögum um umhverfismat en mikilvægt er að við þær framkvæmdir sem og aðrar innan vatnsverndarsvæða verði sérstaklega vandað til verka og tekið mið af áhættumati/greiningu sem mun liggja fyrir áður en kemur að leyfisveitingum.

Með hliðsjón af því sem rakið er hér að framan er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaðar útfærslubreytingar á Kolviðarhólslínu 1 krefjist ekki málsmeðferðar skv. 19. gr. laga nr. [1112021](#) um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Jakob Gunnarsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

VIÐAUKI C

From: Jakob Gunnarsson - SLS <Jakob.Gunnarsson@skipulag.is>
Sent: Monday, November 21, 2022 4:11:21 PM
To: Daniel Scheving Hallgrímsson <danielh@landsnet.is>
Cc: Rut Kristinsdóttir <rut@landsnet.is>
Subject: Kolviðarhólslína 1. Breytingar.

Athugið að sendandi tölvupóstsins er utan Landsnets. Ekki smella á tengla eða opna viðhengi nema þú þekkir sendandann og veist að innihaldið er öruggt.

Þann 1. nóvember 2022 barst Skipulagsstofnun greinargerð frá Landsneti þar sem gerð er grein fyrir útfærslubreytingum á Kolviðarhólslínu 1 frá því sem gert var ráð fyrir í tilkynningu fyrirtækisins og sem Skipulagsstofnun tók ákvörðun um í maí 2021 og jafnframt frá þeim breytingum sem Landsnet setti fram í fyrirspurn til Skipulagsstofnunar í apríl sl. Í erindinu kemur fram að við nánari skoðun á ástandi undirstaða Kolviðarhólslínu 1 hafi komið í ljós að betra sé að skipta út undirstöðum flestra mastranna, þ.e. alls 33 undirstöðum, í stað þess að ráðast í lagfæringu þeirra eins og gert var ráð fyrir í framangreindu erindi frá því í apríl sl. Nýjar undirstöður verða staðsettar á sama stað og þær eldri og ekki mun hljótist rask af þessum framkvæmdum nema innan mastursstæðis í kringum holuna eftir gömlu undirstöðina sem verður hífð upp og flutt til förgunar. Stofnunin hefur farið yfir erindið og telur að umræddar breytingar séu þess eðlis að áhrif þeirra verði ekki önnur eða meiri en gert var ráð fyrir í fyrrnefndri ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Útskipting undirstaðnanna er ekki líkleg til að hafa í för með sér umfangmeira rask heldur en viðgerð þeirra eða uppsetning nýrra mastra á eldri undirstöður eins og gert var ráð fyrir í matsskyldufyrirspurn. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan grannsvæðis vatnsverndar og því mikilvægt að við fyrirhugaðar framkvæmdir sem og aðrar innan vatnsverndarsvæða verði sérstaklega vandað til verka og tekið mið af áhættumati/greiningu sem þarf að liggja fyrir áður en kemur að leyfisveitingum. Með hliðsjón af því sem rakið er hér að framan er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaðar framkvæmdir við útskiptingu mastraundirstaðna á Kolviðarhólslínu 1 krefjist ekki málsmeðferðar skv. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Jakob Gunnarsson
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland
sími 595 4100

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026